

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 211/2018

2021/EES/21/04

frá 26. október 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/236 frá 20. desember 2017 um leiðréttingu á eistnesku útgáfunni af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/654 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 að því er varðar tæknilegar kröfur og almennar kröfur með tilliti til losunarmarka og gerðarviðurkenningar brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 1f (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/654) í XXIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn: „, breytt með:

- **32018 R 0236:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/236 frá 20. desember 2017 (Stjtið. ESB L 50, 22.2.2018, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/236, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. október 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2018 frá 23. mars 2018 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 50, 22.2.2018, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 26, 30.1.2020, bls. 48, og EES-viðbætur nr. 6, 30.1.2020, bls. 39.